

## AUGLÝSING

### **frá ríkisskattstjóra nr. 14/2001, um framlengingu á fresti skattstjóra til að afgreiða kærur vegna álagningar opinberra gjalda einstaklinga.**

Með vísan til 118. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ríkisskattstjóri ákveðið að breyta tímamarki því sem skattstjórum er sett, sbr. 99. gr. sömu laga, til að úrskurða kærur sem bárust vegna þeirrar álagningar opinberra gjalda á einstaklinga er lauk 31. júlí 2001.

Í stað 21. desember, sbr. auglýsingu ríkisskattstjóra nr. 13/2001 skulu skattstjórar hafa lokið við að úrskurða kærur þann 31. janúar 2002 vegna álagningar gjalda á tekjur ársins 2000 og eigna í lok þess árs.

*Reykjavík, 20. desember 2001.*

F.h. ríkisskattstjóra,

**Ingvar J. Rögnvaldsson.**